

Alþingi
Erindi nr. P 140/2144
komudagur 7.5.2012

Eystra-Geldingaholti
7. maí 2012

**Atvinnuveganefnd Alþingis,
Nefndasviði Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.**

EFNI: *Umsögn við tillögu að þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, mál 727.*

Við fögnum því að þingsályktunartillagan geri ráð fyrir að verðmætt svæði, eins og Þjósárver, hafi verið sett í verndarflokk. Löngu tímabært er að Þjósárver og Gljúfur Þjósár með sínum tignarlegur fossum, Kjálkaversfossi, Dynk og Gljúfurleitarfossi njóti varanlegrar verndar. Ennfremur tökum við undir rökstuðning þann sem fram kemur í frumvarpinu um að Þjósárver fari í verndarflokk

Mikilvægt er að verndaðar séu landslags og náttúrufarslegar heildir og lítt snortin víðerni eins og t.d. eru með Þjósá á Gnúpverjafrétti.

Við fögnum því einnig að tekið hefur verið tillit til þeirra fjölmörgu athugasemda sem bárust vegna flokkunar á Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkun í drögum að tillögu um vernd og orkunýtingu landsvæða og að þessar þrjár virkjanir hafi nú verið færðar úr nýtingarflokki í biðflokk. Ljóst er að þessar virkjanir munu hafa veruleg neikvæð áhrif á lífríki Þjósár, á landslag við ána og á samfélög. Við ítrekum það sem kom fram í athugasemdum okkar við drög að tillögu til þingsályktunni í nóvember s.l.

Þær rannsóknir sem nú þegar hafa verið gerðar á lífríki og fiski í Þjósá hafa leitt í ljós að fyrirhugaðar virkjanir eru skaðlegar. Að auki er mörgum mikilvægum þáttum ósvarað og þarfnast þeir nánari athugunar. Í rökstuðningi með þingsályktunartillögunni segir: „*Frekari rannsóknir þurfa að leiða nánar í ljós hvaða áhrif framkvæmdirnar geti haft á laxfiska í ánni. Með hliðsjón af þeim rannsóknum leggur verkefnisstjórn til flokkun virkjunarkostanna að nýju í samræmi við lög nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun*” Ekki er hægt að gefa sér það fyrirfram að þær rannsóknir leiði í ljós að virkjanirnar verði skaðlausar. Tryggja þarf að þessar rannsóknir verði unnar af hlutlausum aðila og að framkvæmdaðili geti ekki haft áhrif á hvaða niðurstöður verða birtar. Við söknum þess að í þingsályktunartillögunni er ekki farið fram á að félagsleg áhrif þessara virkjana í blómlegum byggðum Suðurlands verði könnuð. Teljum við slíkt nauðsynlegt og í samræmi við eina af meginstöðum sjálfbærrar þróunar.

Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir því að ný verkefnastjórn skili áfangaskýrslu fyrir 1. september 2013 um stöðu mála, m.a. niðurstöður frekari rannsókna á þeim virkjunarhugmyndum sem fluttar voru úr orkunýtingarflokki í biðflokk frá drögum tillögunnar í ágúst 2011. Óttumst við að sá tími sé of knappur og geti komið niður á vandvirkni.

Virðingarfyllst,

Sigprúður Jónsdóttir
1705625859

Axel Árnason Njarðvík
0205614919